



Starfsemi 2006

Reykjavík í mars 2007

Ávöxtun 20,6%

Ávöxtun á árinu 2006 var **20,6%** sem samsvarar **12,7%** raunávöxtun sem er önnur besta raunávöxtun í sögu sjóðsins. Hrein ávöxtun, þ.e. ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjármunatekjum, var 20,5% eða 12,7% að raungildi. Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er **9,8%** og síðustu 10 ára **7,8%** og hefur hún aldrei verið hærrí.

Besta ávöxtun eignaflokka sýndu erlendu verðbréfin sem helgast af hagstæðri þróun á erlendum hlutabréfamörkuðum sem fór saman með lækkun íslensku krónunnar. Ávöxtun erlendu verðbréfanna á árinu 2006 var **32,8%** sem samsvarar **24,1%** raunávöxtun. Innlendu hlutabréfin sýndu góða ávöxtun á liðnu ári og var nafnávöxtun þeirra **18,3%** og raunávöxtun **10,6%**. Til samanburðar hækkaði Úrvalsvisitala Kauphallarinnar um **15,8%** á árinu 2006. Uppsöfnuð umframávöxtun innlendu hlutabréfæignarinnar síðustu **10** árin samanborið við Úrvalsvisitölu Kauphallarinnar er **90,0%**. Þá er árleg raunávöxtun innlendu hlutabréfæignarinnar **20,7%** yfir tímabilið 1980 til ársloka 2006. Raunávöxtun innlendu skuldabréfanna var **4,3%** á liðnu ári.

Eignir 240,3 milljarðar

Heildareignir námu **240,3** milljörðum í árslok sem er aukning um **49,3** milljarða á árinu eða um **26%**. Alls greiddu **49.991** sjóðfélagi til sjóðsins sem er fjölgun um **4,9%** milli ára og **7.007** fyrirtæki greiddu til sjóðsins vegna starfsmanna sinna. Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu tæpum **12** milljörðum sem er aukning um **14,4%** frá fyrra ári. Styrkur sjóðsins liggur bæði í stærð hans og hagkvæmri aldursdreifingu sjóðfélaganna en meðalaldur greiðandi sjóðfélaga er nú **34** ár.

Lífeyrisgreiðslur 3,4 milljarðar

Á árinu 2006 nutu **7.682** lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð **3,4** milljarðar. Lífeyrisþegum fjölgaði um **3,7%** á árinu og lífeyrisgreiðslurnar hækkuðu um **16,4%**. Þar af voru greiðslur til lífeyrisþega hækkaðar um **4%** í ársbyrjun 2006 í ljósi góðrar raunávöxtunar sjóðsins.

Rekstrarkostnaður 0,06% af eignum

Rekstrarkostnaður sjóðsins nam **187** milljónum. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam **122** milljónum sem er **1,00%** í hlutfalli af iðgjöldum. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum var einungis **0,058%** eða sem nemur **58** aurum fyrir hverjar 1.000 krónur.

Lánveitingar og verðbréfavíðskipti 59,4 milljarðar

Á liðnu ári var **59,4** milljörðum ráðstafað til lánveitinga og verðbréfakaupa. Sjóðfélögum voru lánaðar **5,6** milljarðar og keypt voru skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir **5,1** milljarð. Kaup á markaðsverðbréfum banka og sparisjóða námu **2,4** milljörðum, fyrirtækja **7,1** milljarði og fjárfestingalánasjóða **0,5** milljarði. Seld voru skuldabréf að fjárhæð **8,0** milljarðar. Kaup innlendra hlutabréfa námu **27,9** milljörðum og seld voru hlutabréf að fjárhæð **21** milljarður. Fjárfest var í erlendum verðbréfum fyrir **10,8** milljarða.

framhald á bakhlið

Séreignardeildin - inneignir aukast um 35%

Inneignir séreignardeildar námu **5,6** milljörðum í árslok samanborið við **4,1** milljarð í árslok 2005 sem er aukning um **35%**. Hrein nafnávöxtun inneigna á séreignarreikningum á liðnu ári var **20,5%** sem svarar til **12,7%** raunávöxtunar. Alls áttu **39.842** einstaklingar inneignir í séreignardeildinni.

Hækkun réttinda um 7% - tryggingafræðileg staða

Með tilliti til góðrar raunávöxtunar sjóðsins á árinu 2006 var ákveðið að hækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga og greiðslur til lífeyrisþega um **7%** frá 1. janúar 2007.

Á síðustu **10** árum hefur tekist að bæta lífeyrisréttindin og lífeyrisgreiðslur um **21,1%** til viðbótar almennum verðlagsbreytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs en réttindaávinnslan var fyrst hækkuð um **11,8%** árið 1997.

Lífeyrissjóðurinn hefur nú notið hagstæðra skilyrða á verðbréfamörkuðum í fjögur ár samfellt en meðalraunávöxtun sjóðsins á þessu tímabili er **13,2%**. Óvarlegt er að reikna með jafn hagstæðu umhverfi á fjármálamörkuðum á næstu árum. Því er það mat stjórnar sjóðsins að skynsamlegt sé að viðhalda styrkri stöðu hans gagnvart skuldbindingum eftir hækkun lífeyrisréttinda ef þróun á verðbréfamörkuðum verður óhagstæð á árinu 2007. Þannig er staða sjóðsins jákvæð um **20,3** milljarða eða **4,9%** af skuldbindingum að hækkuninni afstaðinni.

Stjórn sjóðsins 2007 til 2010

Eftirtalin hafa verið tilnefnd í stjórn af aðildarsamtökum sjóðsins fyrir kjörtímabilið 1. mars 2007 til 28. febrúar 2010.

Gunnar P. Pálsson, Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Benedikt Vilhjálmsson kjörin af VR, Benedikt Kristjánsson tilnefndur af Kaupmannasamtökum Íslands, Margrét Kristmannsdóttir tilnefnd af Félagi íslenskra stórkaupmanna, Hrunn Rudolfsdóttir tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins að fengnu álit Viðskiptaráðs Íslands og Helgi Magnússon tilnefndur af Samtökum iðnaðarins að fengnu álit Samtaka atvinnulífsins.

Stjórnin hefur skipt með sér verkum þannig að Gunnar P. Pálsson var kjörinn formaður og Helgi Magnússon varaformaður.

Sjóðfélagavefur

Sjóðfélagar hafa beinan aðgang að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín og stöðu lána á sjóðfélagavef á heimasíðu sjóðsins www.live.is

Efst á sjóðfélagayfirlitinu er **notandanafn** og **lykilorð** sem þú getur notað til að tengjast sjóðfélagavefnum og kynnt þér réttindi þín.

Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn **16. apríl** n.k. kl. **17** í Hvammi á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

Með kveðju,

Þorgeir Eyjólfsson forstjóri



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA